

Umsóknir um leyfi skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

1. Almenn

Í 84. gr. bvl. kemur fram að barnaverndarnefndir skuli hafa tiltæk úrræði til að veita börnum móttöku, hvort heldur sem er í bráðatilvikum eða til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna.

- Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila á grundvelli ákvæðisins með þjónustusamningi.
- Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum leyfi til að reka heimili og önnur úrræði skv. 1. mgr.
- Um skilyrði fyrir leyfisveitingu gildir reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004.

2. Skilgreiningar

A-liður 1. mgr. 84. gr. bvl. fjallar um úrræði til að veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda og til könnunar á högum barna, vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra

- Hér er fyrst og fremst um að ræða börn sem ekki er talið að þurfi sérhæfða meðferð en geta af einhverjum ástæðum ekki verið á heimili sínu um tiltekinn tíma. Getur komið til álita vistun á vistheimili, einkaheimili eða annað samsvarandi úrræði, t.d. meðan mál er kannað frekar eða unnið að því að finna annað úrræði.
- Hér er til að mynda átt við vistforeldra, sbr. 2. mgr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga nr. 652/2004.

B-liður 1. mgr. 84. gr. bvl. fjallar um úrræði, t.d. heimili eða sambýli, þar sem börn geta búið vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa, svo sem í kjölfar meðferðar.

- Ekki er gert ráð fyrir að fram fari sérstök meðferð á þessum heimilum heldur er hér t.d. um að ræða verndaða búsetu fyrir börn sem lokið hafa dvöl á meðferðarheimili en eiga þess ekki kost að flytja til foreldra sinna vegna heimilisaðstæðna eða vegna þess að forsjáradilar geta ekki stutt barnið eins og nauðsynlegt er. Getur vistun bæði verið tímabundin og þar til barn verður sjálfráða.

Heimili/Stofnun: Hér er átt við úrræði sem barnaverndarnefnd setur á laggirnar og ætlað er að starfa í lengri tíma með skipulögðum hætti, t.d. vistheimili eða sambýli þar sem ráðið er ákveðið starfsfólk og markmið starfseminnar eru skýr.

Önnur úrræði: Með því er átt við að ákveðnum aðilum, **vistforeldrum**, er falið að taka við barni til dvalar í ákveðinn tíma. Hér getur verið um að ræða ættingja, svo sem forsjárlaust foreldri, afa og ömmu o.fl. eða aðila sem barnið þekkir ekki. Vistun af þessu tagi er að jafnaði ekki ætlað að standa lengur en þrjá mánuði.

3. Umsókn barnaverndarnefndar um leyfi skv. 84. gr. bvl.

- Barnaverndarnefnd sem sækir um leyfi til reksturs úrræðis á grundvelli 84. gr. bvl. fyllir út eyðublað sem er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu.

Heimili/stofnun

- Við fyrstu umsókn barnaverndarnefndar getur Barnaverndarstofa veitt leyfi til **allt að eins árs** í senn. Ef óskað er eftir endurnýjuðu leyfi er heimilt að veita leyfi til allt að fimm ára í senn, sbr. 41. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.
- Óski barnaverndarnefnd eftir endurnýjuðu leyfi er Barnaverndarstofu heimilt að veita það til allt að **fimm ára** í senn.
- Barnaverndarnefnd sem óskar eftir að setja stofn heimili/stofnun skal sækja um leyfi til Barnaverndarstofu eigi síðar en **fjórum vikum** áður en fyrirhuguð starfsemi á að hefjast. Í umsókn skulu koma fram eftirtalдар upplýsingar:
 - a. staðsetning heimilis/stofnunar og markmið með rekstrinum
 - b. lýsing á verksviði og ábyrgð forstöðumanns/rekstraraðila
 - c. áætlaður fjöldi, menntun, reynsla og verkaskipting annars starfsfólks
 - d. tímabil sem heimili/stofnun er ætlað að starfa
 - e. aldur dvalarbarna, fjöldi þeirra og dvalartími í senn
- Umsókn skal fylgja:
 - a. starfsleyfi heilbrigðisnefndar ef um er að ræða heimili/stofnun fyrir 6 börn eða fleiri
 - b. úttekt eldvarnareftirlits og vottun um að brunavarnir séu fullnægjandi ef við á
 - c. leyfi byggingarnefndar ef um nýtt húsnæði er að ræða
 - Ef heimili/stofnun er í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi heimili/stofnun verði sett á laggirnar

Önnur úrræði (vistforeldrar)

- Leyfi til að reka annað úrræði er veitt **til eins árs í senn**.
- Óski barnaverndarnefnd eftir endurnýjuðu leyfi metur Barnaverndarstofa hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst frá því leyfi var gefið út.
- Heimilt er að vista barn í slíku úrræði að jafnaði í allt að **þrjú mánuði**. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer að jafnaði um það eftir ákvæðum barnaverndarlaga um fóstur.
- Í umsókn skal koma fram:
 - a. nafn, kennitala og heimilisfang vistforeldris
 - b. nöfn annarra heimilismanna
 - c. upplýsingar um aðra starfsemi á heimili, svo sem gistiþjónustu eða atvinnurekstur
 - d. upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni vistforeldra fyrir barnaverndarnefndir

- e. tímabil, aldur og fjöldi barna sem óskað er að dvelji á heimilinu
 - f. markmið með starfinu
- Umsókn skal fylgja:
- a. heilbrigðisvottorð væntanlegra vistforeldra
 - b. samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að Barnaverndarstofa afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri
 - c. stutt lýsing á aðstæðum vistforeldra, menntun, reynslu og hvernig umönnun barns verði háttáð
 - Ef vistforeldri er búsett í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi leyfi sé gefið út.
 - Umsögn þessi felur ekki í sér að viðkomandi barnaverndarnefnd fari í könnun á aðstæðum væntanlegra vistforeldra, heldur er hér er aðeins átt við umsögn á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

4. Þegar leyfi hefur verið veitt - ráðstöfun barna á heimili

- Barnaverndarnefnd, ein eða fleiri, geta komið sameiginlega að rekstri heimilis/stofnunar eða annars úrræðis. Þá er sótt um eitt afmarkað leyfi fyrir úrræðið þar sem fram kemur m.a. tímabil, aldur og fjöldi barna sem óskað er að dvelji á heimilinu og markmið með starfinu, sbr. 37. gr. og 39. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Þegar gefið hefur verið út almennt leyfi fyrir starfsseminni er ekki þörf á að sækja um leyfi fyrir hvert og eitt barn sem er vistað í því úrræði.
- Þegar um er að ræða heimili/stofnun sem rekin er af einkaaðila þarf leyfi skv. 84. gr. að liggja fyrir áður en unnt er að ráðstafa börnum í slíkt úrræði.

5. Umsókn um áframhaldandi leyfi til vistunar

- Beiðni um framlengingu leyfis skal senda á bvs@bvs.is
- Barnaverndarstofa aflar nýs sakavottorðs og metur hvort tilefni sé til að óska frekari gagna
- Umsóknir um áframhaldandi leyfi skulu berast a.m.k 2 vikum áður en leyfi rennur út.

6. Ráðstöfun barns til bráðabirgða skv. 44. gr. rg. um úrræði ábyrgð sveitarfélaga

- Þegar ekki liggur fyrir almennt leyfi Barnaverndarstofu til rekstur úrræðis, hvort heldur sem til stendur að vista barn á heimili/stofnun eða öðru úrræði (vistforeldri) ber að tilkynna strax um slíka ráðstöfun, sbr. 44. gr. reglugerðarinnar ef um bráðatilvik er að ræða. Annars er sótt strax um leyfi fyrir vistun tiltekins barns í úrræðinu eða í beint í kjölfar þess að tilkynning, skv. 44. gr. rg. hefur verið send stofunni.
- Ef um bráðatilvik er að ræða og stofunni hefur verið send tilkynning um ráðstöfun barns, sbr. 44. gr. reglugerðarinnar ber viðkomandi barnaverndarnefnd að senda öll nauðsynleg fylgigögn til stofunnar innan **sjö daga** frá því að vistun hófst. Þegar öll gögn hafa borist og

lögbundin skilyrði leyfis eru fyrir hendi afgreiðir stofan leyfið, sem gildir frá þeim tíma er umsóknin var fullbúin.

7. Beiðni um frest til gagnaöflunar

- Öll þau gögn sem nefnd eru í lið 3 skulu fylgja umsókn sem send er til Barnaverndarstofu.
- Unnt er að óska eftir fresti til gagnaöflunar ef barnaverndarnefnd sér ekki fram á að geta sent tilskilin fylgigögn með umsókn. Barnaverndarstofa leggur mat á slíka beiðni og veitir frest ef um haldbærar skýringar er að ræða. Berist gögnin ekki þrátt fyrir veittan frest mun stofan afgreiða umsóknina á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Þegar umsókn er ekki studd nauðsynlegum fylgigögnum, sbr. 38. gr. og 40. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga leiðir það sjálfkrafa til synjunar á leyfi.
- Barnaverndarstofa veitir leyfi frá þeim tíma er fullbúin umsókn barst.

8. Synjun leyfis

- Barnaverndarstofa getur af ýmsum ástæðum synjað um leyfi til að reka úrræði skv. 84. gr. Getur það átt við t.d. ef umsókn er ekki studd nægilegum gögnum, heimili uppfyllir ekki almenn skilyrði sem liggja til grundvallar leyfisveitingu eða skilyrði fyrir veitingu leyfis eru að öðru leyti ekki uppfyllt. Einnig geta innfærslur á sakarvottorði sjálfkrafa leitt til synjunar.
- Ef umsögn barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi er neikvæð synjar Barnaverndarstofa um leyfi þegar af þeirri ástæðu.
- Synjun Barnaverndarstofu um leyfi á grundvelli 84. gr. bvl. er kæránleg til úrskurðarnefndar um velferðarmál, sbr. 6. gr. bvl. Úrskurðarnefndin er til húsa að Katrínartúni 2, 105. Reykjavík. www.urvel.is